

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

*Kirkjugarður við Brimnes.*

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti 15. maí 2025 nýtt deiliskipulag á Brimnesi vegna nýs kirkjugarðs.

Á 321. fundi skipulags- og umhverfisnefndar var lögð fram breyting á deiliskipulagi sem auglýst var skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti frá 19. febrúar 2025 til og með 2. apríl 2025. Umsagnir bárust frá 8 aðilum sem þörfuðust ekki svara sérstaklega en tekið verður tillit til umsagna á síðari stigum við hönnun og framkvæmdir á svæðinu.

Við Brimnes verður skipulagt svæði fyrir framtíðar grafreiti Ólafsfirðinga. Núverandi grafreitur við Aðalgötu er nánast fullnýttur og tækifæri til stækkunar á því svæði ekki metin hagfelld. Brimnes verður fimmti grafreiturinn í sveitarfélaginu Fjallabyggð. Með nýju deiliskipulagi fyrir Brimnes er tryggt landrými fyrir grafreiti í Ólafsfirði og Siglufirði til næstu áratuga miðað við gefnar forsendur. Samhliða breytingu á deiliskipulagi var unnið að breytingu á aðalskipulagi Fjallabyggðar sem var staðfest hjá Skipulagsstofnun 24. september 2025.

*Fjallabyggð, 10. október 2025.*

**Pálmi Blængsson,**  
verkefnastjóri skipulags- og umhverfissviðs.

---

B deild - Útgáfudagur: 24. nóvember 2025